



8. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN 20. MAÍ 2016 Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ UMFÍ Í REYKJAVÍK

Mætt eru Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG)

1. FUNDUR SETTUR KL. 15:20.

2. **EUJ** – Anna Möller forstöðumaður EUJ kynnti starfið og það rætt. Samþykkt að taka tilboði BDO um innri endurskoðun EUJ. Frekari umræðu frestað til næsta fundar.

3. **Rekstur** – Helgi Gunnarsson fjármálastjóri fór yfir yfirlit um rekstur fyrsta ársfjórðungs 2016.

4. **Key habits** – Brynjar Karl Sigurðsson kynnti námskeið fyrir ungt fólk í markmiðastjórnun. AIP falið að óska eftir frekari upplýsingum.

5. **Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra** – AIP fór yfir stöðu verkefna, fundi og annað starf í þjónustumiðstöð UMFÍ.

6. **Mótahald og viðburðir** – Rætt um undirbúning Landsmóts UMFÍ 50+ á Ísafirði, skráning er hafin á mótið. Undirbúningur fyrir Hreyfiviku gengur vel, fleiri sundlaugar stefna að þátttöku en í fyrra, öflugt kynningarstarf framundan og góð þátttaka í setningu átaksins.

7. **Framkvæmdastjórnarfundargerð nr. 6.** Lögð fram og samþykkt.

8. **Vorfundur 2016.** Boðið verður uppá fræðsluefni sem m.a. var óskað eftir á samráðsfundi framkvæmdastjóra.

9. **Stefnumótun** – AIP lagði fram drög að stefnu UMFÍ og markmiðum. Drögin kynnt á vorfundi UMFÍ. Samþykkt að taka stefnuna fyrir á næsta stjórnarfundum og stefna að því að samþykkja lokaútgáfu sem lögð verður fyrir sambandsráðsfund í haust.

10. Önnur mál

- Næsti stjórnarfundur ákveðinn þann 3. júní nk.
- NSU hefur leitað eftir því að UMFÍ taki að sér hýsingu starfsmanns samtakanna. HeJ falið að fá nánari skýringar á þörfum.
- Húsnæðismál: Rætt um nýtt tilboð sem borist hefur í húsnæði UMFÍ. Ákveðið að fresta afgreiðslu. AIP falið að skoða málið betur.
- Auglýsing um Ungmennaviku NSU. Framkvæmdastjórn falið að afgreiða málið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.20:15. HrJ ritaði fundargerð.